

## 1106. stjórnarfundur VR

### Haldinn miðvikudaginn 8. janúar 2014 í Kringlunni 7 á 0. hæð, kl. 17:30

Mætt voru: Ólafía Björk Rafnsdóttir, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríður Birna Stefánsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jóhanna S. Rúnarsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritar fundargerð.

### Dagskrá:

Áður en fundur hófst samkvæmt dagskrá óskaði Ólafía Björk eftir samþykki fundarmanna á breytingum frá boðaðri fundardagskrá þannig að við 6. lið um styrkumsóknir myndu bætast við afgreiðsla á nýkomnum styrkumsóknum frá Dynjanda, Félagi heyrnalausra og Heimasíðu um makamissi.

Samþykkt.

1. **Fundargerð 1105. fundar lögð fram til samþykktar.**

Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1105. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist.  
Samþykkt og undirrituð.

2. **Kjarasamningur, félagsfundir og kosningar**

Ólafía Björk lagði fram skjölin *“Minnisblað – dagsetningar vegna kosninga kjarasamnings í janúar 2014”* dags. 8.1. 2014, *“Minnisblað – Verðhækkanir um áramót – þvert á fyrirheit”* dags. 8.1 2014, *“Helstu atriði nýs kjarasamnings”*, *“Kjarasamningur”*, *“Félags- og menntamál í kjarasamningum”*, afrit bréfs Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra til ASÍ dags. 21.12 2013, *“Efnisatriði í samtali við stjórnvöld”*, og loks afrit minnisblaðs Forsætisráðuneytis til ASÍ ofl. um undirbúning kjarasamninga með áherslu á efnahagslegan stöðugleika, dags. 15.11 2013.

Ólafía Björk hóf svo mál sitt á því að lesa upp þann inngang sem hún hefur skrifað í það bréf sem fer með kjörgögnum til félagsmanna vegna verðandi kosninga um kjarasamninginn. Fór hún síðan lauslega yfir minnisblað ASÍ um verðhækkanir og las svo upp nýja ályktun frá ASÍ þar sem kemur fram að samtökin hyggist birta nöfn þeirra fyrirtækja og stofnana sem ógna verðbólgu markmiðum samninganna með hækkunum. Verður þetta gert til upplýsinga fyrir neytendur og tengt verkefninu “Vertu á verði” sem þegar er í gangi.

Samningurinn sem nú liggur fyrir er mikilvægt skref í átt að stöðugleika og kaupmáttaraukningu. Það hafa verið viðhöfð breytt vinnubrögð við þessa samningagerð t.d. erum við tilbúin með okkar kröfugerð fyrir samningaviðræðurnar í lok janúar. Ólafía Björk minnti á að hún hafi fengið fullt umboð trúnaðarráðs til undirskriftar samninga og hvetur hún alla til samstöðu um þennan samning.

Umræður.

Ólafía Björk sagði svo stuttlega frá væntanlegum félagsfundum til kynningar á samningnum og að verið sé að vinna kynningarmyndband sem fari á vefinn. Las hún svo upp svohljóðandi tillögu sína að ályktun stjórnar VR vegna málsins:

**“Ályktun stjórnar VR**

*Stjórn VR hvetur félagsmenn sína til að samþykkja nýgerðan kjarasamning. Jafnframt harmar stjórn VR fyrirhugaðar gjaldskrár- og verðhækkanir og hvetur samningsaðila til að koma að heilum hug að þessu samkomulagi og draga hækkanir til baka.*

*Samþykkt á stjórnarfundum VR þann 8. janúar 2014.”*

Ragnar Þór kom þá með breytingartillögu að ályktuninni og lagði til svohljóðandi ályktun:

*“Dags 08.01.2014*

**Ályktun stjórnar VR**

*Stjórn VR hvetur félagsmenn sína til að hafna nýgerðum kjarasamningi í komandi kosningu.*

*Virðing og trúverðugleiki stjórnvalda og fyrirtækja gagnvart samkomulagi ASÍ og SA virðist að engu orðið miðað við þær skatta og gjaldskrár hækkanir sem komið hafa til framkvæmda eða eru yfirlýstar eru af hálfu atvinnulífsins, síðustu daga og vikur. Og það áður en samningurinn er lagður fyrir félagsmenn, boðar ekki gott fyrir framhaldið.*

*Það gengur ekki að launafólk eitt beri ábyrgð á stöðugleika við gerð aðfararsamnings.*

*Of langt mál væri að telja til einstakar hækkanir sem nú hafa komið til framkvæmda eða liggja fyrir, sem nema á bilinu 4-7% eða langt umfram samkomulag aðila vinnumarkaðarins, en augljóst þykir að verðbólguþrá og útreikningar ASÍ vegna aðfararsamnings sem nú er lagður fram mun ekki halda vatni né vindum.*

*Ragnar Þór Ingólfsson  
Stjórnarmaður í VR”*

Var því fyrst gengið til atkvæða um breytingartillögu Ragnars Þórs.

Tillagan er felld með öllum greiddum atkvæðum nema einu.

Var þá tillaga Ólafíu Bjarkar að ályktun borin undir atkvæði og er hún samþykkt með 9 greiddum atkvæðum gegn einu mótatkvæði.

Ragnar Þór óskaði eftir því að það væri bókað að mótatkvæðið væri hans. Einnig óskaði Rannveig eftir að það yrði bókað að hún “samþykki þetta með óbragð í munni”.

Hér vék svo Ragnar Þór af fundi kl. 19:15

### 3. Starfsáætlun stjórnar 2014

Ólafía Björk lagði fram skjalið “*Minnisblað – starfsáætlun stjórnar 2014*” dags. 8.1 2014. Fór hún stuttlega yfir innihald þess og nefndi m.a. hvort hljómgrunnur væri fyrir því að flytja aðalfund félagsins fram til 26. mars því oft líði óþarflega langur tími frá lokum kosninga stjórnar til þess dags að aðalfundur sé haldinn þegar ný stjórn taki við.

Umræður.

Ákveðið var flytja fram dagsetningu aðalfundar til 26. mars 2014.

### 4. Trúnaðarmenn nýr listi

Ólafía Björk las upp nöfn nýrra og endurkjörinna trúnaðarmanna sem er svohljóðandi:

Jóhann P. Jónsson	N1 Dalvegi	Nýr
Örnólfur Örnólfsson	Bílanaust (verslun)	Nýr
Sindri Viðarsson	Atlantik	Nýr
Guðrún Melsted	Ísl. Fjallal.menn	Nýr
Guðbjörg Helga Magnúsd.	Icelandair	Endurkjör
Ingibjörg Kristjánsdóttir	Icelandair	Endurkjör

Samþykkt.

Undir þessum dagskrárlið óskaði Ólafía Björk eftir því að færa áður boðaðan dagskrárlið nr. 5 til kl. 20:15 og yrði hann þá nr. 6 í dagskrá þar sem að þá væri von á þeim gestum sem áttu að sitja fyrir svörum vegna þess liðar.

Samþykkt.

## 5. Styrkumsóknir

Ólafía Björk lagði fram skjalið “*Minnisblað – Styrkbeiðnir*” dags. 7.1 2014 og fór yfir framkomnar umsóknir.

### a. Dynjandi

Farið yfir umsókn Dynjanda ehf. um styrk vegna verkefnis um að gefa öllum leikskólum landsins endurskinsvesti.

Umræður.

Erindinu er hafnað.

### b. Félag heyrnalausra

Farið yfir umsókn Félags heyrnalausra um styrk vegna almennra verkefna félagsins m.a. vegna kostnaðar við útgáfu ofl.

Umræður.

Ákveðið var að fresta ákvörðun til næsta fundar. Óskum eftir fjárhagsáætlun og nánari gögnum.

### c. Hagsmunasamtök heimilanna

Farið yfir umsókn Hagsmunasamtaka heimilanna um styrk vegna rekstrarkostnaðar samtakanna.

Umræður.

Erindinu er hafnað.

### d. Neytendasamtökin

Farið yfir umsókn Neytendasamtakanna um styrk vegna rekstrar samtakanna.

Umræður.

Samþykkt að styrkja samtökin um kr. 250 þús. vegna ársins 2014.

### e. Heimasíða um makamissi

Farið yfir umsókn Heimasíðu um makamissi um styrk vegna kostnaðar við hönnun á vef og þýðinga.

Umræður.

Erindinu er hafnað.

### f. Lúðrasveit verkalýðsins

Farið yfir umsókn Lúðrasveitar verkalýðsins um styrk vegna rekstar sveitarinnar.

Umræður.

Samþykkt að styrkja sveitina um kr. 250. þús. vegna ársins 2014

Undir þessum dagskrárlið var rætt um jólastyrk stjórnar og nauðsyn þess að marka stefnu í því máli. Ákveðið var að skoða það á væntanlegum vinnufundi stjórnar.

- 6. Fyrirspurn stjórnarmanna vegna eineltismála og uppsagnar**  
Ákveðið var að sleppa þessum dagskrárlið og hafa um hann sérstakan fund.

Ekki fleira gert og var fundi slitið kl. 21:00  
Árni Leósson, fundarritari